


Sjálfbærnilíkan CRISTAL



Af hverju

Þetta líkan ætti að nýta þegar unnið er að framþróun hvers kyns hugmynda og við að tengja sjálfbærni við alla þætti hversdagsins í gegnum skólakerfið. Nýttir eru þrjár megin stoðir sjálfbærni í gegnum módelið; umhverfi, efnahagur og samfélag.

Hverjir geta nýtt sér líkanið?

Líkanið skal nýtt sem verkfæri í kennslu á öllum skólastigum. Einnig hentar líkanið vel fyrir frumkvöðla þegar þróaðar eru nýjar hugmyndir. Þegar nemendur hafa verkefni sem þarf að finna lausn á geta þeir farið með hugmyndir að leiðum í gegnum líkanið. Verkefni geta verið af öllum toga og átt við umdeild málefni á borð við loftlagsbreytingar.

Hvernig á að nota líkanið?

Módelið er hannað sem áhrifalíkan þar sem spurningar tengdar sjálfbærni eru spurðar á meðan þróun hugmynda/lausna stendur yfir. Líkanið er í fimm skrefum þar sem ýmist eru spurðar spurningar eða ákvarðanir eru teknar.

1) Hugmyndavinna

Hugarflug á meðal þátttakenda sem annað hvort er tengt ákveðnu viðfangsefni (t.d. orku, úrgangi, mengun, nýsköpunum, tækni o.s.frv.) eða hverju sem er (t.d. að búa til fyrirtæki, framleiða vöru eða þróa heildarhugtak o.s.frv.) Það er mikilvægt að leyfa

öllum hugmyndum að koma fram og ef verkefnið er unnið í hópi kýs hópurinn eina hugmynd í einu til að fara í gegnum módelið hverju sinni.

2) **Mikilvægar spurningar**

Koma auga á og rannsaka bakgrunn vandamálið/viðfangsefnið.

Hér má spyrja allra mögulega spurninga sem tengjast hugmyndinni, uppbyggileg gagnrýni er einnig leyfð og mikilvægt er að spurningarnar séu tengdar markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Spurningarnar eiga að tengjast sjálfbærni, efnahag og umhverfi (S, E og U í módelinu).

3) **Ákvörðun**

Byggt á niðurstöðum í skrefi 2 ætti notanda að geta sagt já eða nei við upphaflegu hugmyndinni. Einungis er hægt að segja já við hugmyndinni ef hún stenst kröfur markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, ef ekki, þá þarf notandinn að fara aftur á skref 1 og finna aðra hugmynd eða aðrar forsendur.

4) **Hvernig á að koma í framkvæmd?**

HVað vitum við um hugmyndina, hvað vantar okkur sbr. þekking, verkfæri, ferlar, upplýsingar? Þurfum við samstarfsaðila til að hrinda hugmyndinni á framkvæmdastig (einstaklingar eða fyrirtæki í nær/fjærumhverfi)? Aftur skal á þessu stigi ryfja upp heimsmarkmiðin til að tryggja að framkvæmdin muni standast þá mælikvarða sem þar eru settir fram. Í skólastofum fer þetta stig gjarnan fram með umræðum og rökræðum. Nemendur eru hvattir af kennara til að nýta aðferðafræði sem krefst gagnrýnnar hugsunar og að skoða viðfangsefnið út frá margvíslegum sjónarhornum.

5) **Innleiðing**

Nýtið hvaða verkfæri sem er til að kynna hugmyndina og koma henni í framkvæmd ef það á við. Niðurstöður geta verið kynntar á margvíslegan máta. Algeng verkfæri eru Veggspjöld, kynningar, hugarkort, vefsíður, stuttmyndir og vefnámskeið. Hafið í huga að kynningin niðurstaðna þarf alltaf að innihalda hvernig ætlunin sé að koma hugmyndinni af hugmyndastigi á framkvæmdarstig.

